

Til:

Atvinnuveganefnd  
Nefndasvið Alþingis  
[nefndarsvid@althingi.is](mailto:nefndarsvid@althingi.is)

Frá:

Samtök smærri útgerða  
Pósthólf 102  
355 Snæfellsbæ  
ssu@ssu.is

Snæfellsbæ, 28.2.2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (afnám tegundatilfærslu í deilistofnum botnfisks o.fl.), 596. Mál.

Vísað er til umsagnar í Samráðsgátt frá 10.11.2022 sem birt er hér að neðan.

F.h. Samtaka smærri útgerða

Örvar Marteinsson  
formaður

### **Umsögn fyrir Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (afnám tegundatilfærslu í deilistofnum botnfisks o. fl.)**

Samtök smærri útgerða - 10.11.2022

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, mál nr. 204/2022 Í frumvarpinu er lagt til að fella niður heimild til tegundatilfærslu í deilistofnum botnfisks. Samtök smærri útgerða leggjast gegn því að dregið sé úr sveigjaleika fiskveiðistjórnunarkerfisins. Tilgangur frumvarpsins á að vera að bregðast við ofveiði á karfa sem Grænlandingar og Íslendingar deila með sér. Ljóst er að sú ofveiði er að engu leiti á ábyrgð krókaleyfisbáta. Aðrir kostir eða útfærslur hljóta að vera mögulegir til að bregðast við vandamálinu, eða að halda þessarri heimild áfram innan krókaafلامarkskerfisins. Í greinargerð með frumvarpinu segir: „Í aflamarkskerfið er innbyggður sveigjanleiki hvað varðar tegundatilfærslu fisktegunda. Meginmarkmiðið með honum er að auðvelda útgerðarmönnum og sjómönnum að fara að settum reglum og stuðla að ábyrgri nýtingu fiskistofna. Með tegundatilfærslu er átt við reglu sem heimilar að afli í einni tegund dragist að ákveðnu marki frá aflaheimildum skips í annarri tegund.“ Þessi sveigjanleiki er mikilvægur þáttur í kerfinu til að bregðast við ófyrirsjáanleika og sveiflum. Samtök smærri útgerða leggjast gegn því að dregið sé úr sveigjaleika fiskveiðistjórnunarkerfisins og leggja til að aðrar leiðir séu skoðaðar. Samtök smærri útgerða eru að mestu leiti samtök útgerða sem stunda veiðar í krókaafلامarki, fyrst og fremst línuveiðar. Veiðarfærið lína „velur“ ekki hvaða fiskitegund bítur á krókana og því er sveigjanleiki fiskveiðistjórnunarkerfisins (þótt takmarkaður sé)gríðarlega mikilvægur. Hins vegar má segja að hér kristallist það vandamál sem samtökin (SSU) hafa margoft bent á , að bátar innan krókaafلامarkskerfisins búa við strangar veiðarfæratáknmarkanir, eingöngu lína og handfæri eru

leyfileg veiðarfæri. Ekki er leyfilegt að færa sig yfir á önnur veiðarfæri, eins og t.d. þorskanet, til þess að forðast afla eins og, í tilviki þessa frumvarps, karfa.

Örvar Marteinson, formaður Samtaka smærri útgerða